

Margradda kór

Á blómaskeiði móðernismans fölst aðdráttarafi myndlistarinnar ekki síst í bjartsýninni og framþróuninni sem menn töldu innbyggða í hana. Myndlistin var sífellt að bæta við sig, jafnt aðferðafræðilega sem hugmyndalega, auk þess sem hún gaf sig út fyrir að vera hvort tveggja í senn, greining og skiljanleg einföldun á samfélagsmyndinni og tilvistarlegum vanda mannsins. Með því að gaumgæfa myndlistina þóttumst við öðlast nýjan skilning á sjálfum okkur og umhverfinu.


Myndlist

Póstmóðernisminn hefur kollvarpað þessari mjög svo þægilegu tálsýn. Nú lifum við í veröld þar sem myndlistin hefur smogið inn í hvern krók og kima manngerar upplifunar og hyggjuvits í leit að viðfangsefnum; er raunar orðin hlutgervingur eða staðgengill þeirra aðstæðna, hugsana og kennda sem við teljum afmarka hið „mannlega“. Frómt sagt vitum við ekki lengur hvaða erindi hún á við okkur. Við þessar aðstæður – og hvort sem mönnum líkar betur eða verr – hefur sýningarstjórnin hafist til vegs og virðingar. Við ætlumst til þess af honum að hann grafi fyrir um þær merkingar og aukamerkingar sem felast í verkum þess margradda kórs sem myndlistarmenn eru og láti þau kallast á opinberlega, þannig að óman og angan þeirra ná skilningarvitum okkar. Í veröld þar sem allt hefur merkingu og allt er tengt er ekki lengur boðlegt að setja saman stórar sýningar undir merkjum einskærrar einstaklingshyggju og fjölbreytni.

Ekki ofsögum sagt af fjölbreytninni

Í fyrria var óvenju sundurleitur hópur íslenskra myndlistarmanna samt sendur undir þeim merkjum til Henie-Onstad safnsins í nágrenni Óslóborgar: Ómar Stefánsson, Jón Óskar, Bjarni Sigurbjörnsson, Svava Björnsdóttir, Þorvaldur Þorsteinsson, Anna Línal, Birgir Andrésón, Margrét Blöndal og Guðjón Bjarnason. Sýningin kallaðist hvorki meira né minna en „Mynd – Íslensk samtidskunst“. Að valinu stóðu Gavin Jantjes, listrænn stjórnandi Henie-Onstad-safnsins, og Jón Norppé heimspekingur. Af viðbrögðum norskra fjölmíðla, þeirra fáu sem á annað borð sinnu þessari sýningu, mátti ráða að þeim kom sósium ekkert á óvart fjölbreytnin í myndlistinni á Íslandi. Þarna fór sem sagt fyrir bi ágætt tækifæri til að stilla saman strengi nokkurra íslenskra nútímalistamanna þannig að skapaðist heildarsýn með erindi við Norðmenn og okkur sem heima sitjum.

Það kom því á óvart að Listasafn Reykjaví-



Verk eftir Önnu Línal á sýningunni Mynd. Anna Línal gerir þetta rými sérkennilega „heimilislegt“ með samsafni aðskotahluta og tilbúinna hluta úr mjúkum efnum.

ur skyldi hafa tekið þetta „sýningarkonsept“ hrátt upp á arma sér og gert að helsta framlagi sínu til Listahátíðar í ár. Og þótt listamennirnir hafi bætt við nýjum verkum frá Óslóarsýningunni er enn notast við bækling Henie-Onstad safnsins en bætt inn í hann fjölriti með íslenskum texta – sem mér þykir ekki samboðið þessari stofnun.

Það er sem sagt engin leið að fá botn í það hvers vegna einn listamaður er tekinn fram yfir annan í þessari púllíu og því er sennilega affarasælast að líta á framkvæmdina sem samsafn ný einkasýninga. Mælikvarðinn er þá sennilega hvernig verkin gera sig í þessu erfiða sýningarhúsnæði.

Af tilfinningaböndum

Þar er Guðjón Bjarnason á grænni grein. Að vísu eru sprengingar hans löngu hættar að hreyfa við öðru en hljóðhimnunni í manni, en mikil lifandis ósköp taka járnin hans sig vel út í portinu. Þar er einnig í öndvegi risastórt plexímálverk Bjarna Sigurbjörnssonar. Inni í húsinu eru það sennilega konurnar sem best kunna að fara með rýmið. Einfaldar lágmyndir Svövu Björnsdóttur, með ljósi á röngunni, eru með því allra áhrifamesta á sýningunni, ekki sist vegna þess að þær gera hvort tveggja í senn að vinna „með“ steypunni í söluvinu og leysa hana upp í frumeindir sínar. Anna Línal gerir þetta rými einnig sérkennilega „heimilislegt“ með samsafni aðskotahluta og tilbúinna hluta úr mjúkum efnum; í þessum verkum mætast hið einkalega og utanaðkom-

andi þættir. Nýr sjónvinkill skapast á þrívíðu verkin með ljósmyndum listakonunnar sem eru eins og mitt á milli þessara tveggja póla. Mjúkir hlutir Margrétar Blöndal eru enn einkalegri en þeir sem Anna teflir fram; þeir virðast vísa bæði til æskuupplifana og undirvitundarinnar. Ekki treysti ég mér til að segja hverju þeir vilja hvísla að okkur, en einkennilega ágengir eru þeir.

Hvað Jón Óskar varðar þá tel ég mig skilja þær forsendur sem hann leggur til grundvallar bæði vídeóverkinu og málverkum sínum, en verð að játa að mér tekst ekki að tengjast þessum verkum tilfinningaböndum. „Óskilaminir“ Þorvalds Þorsteinssonar eru líka æði kunnuglegt verk úr nýlegri myndlistarsögu. Ómar Stefánsson og Birgir Andrésón eru meiri einfarar en aðrir á þessari sýningu; Birgir brýtur undir sig rýmið með „íslenskum litum“ sínum en Ómar hristir af sér öll sýningarkonsept með urrandi sköpunarkrafti.

Aðalsteinn Ingólfsson

Sýningin Mynd – íslensk samtímalist, stendur til 11. ágúst. Listasafn Reykjavíkur – Hafnarhús, er opið daglega kl. 11–18 en til kl. 19 á fimmtudögum.



Stravinsky í Listasafninu

Á morgun kl. 12.30 mun Epos-strengjakvartettinn flytja tvo strengjakvartetta eftir Stravinsky í Listasafni Íslands á vegum tónlistarhátíðarinnar Fyrir augu og eyru á Listahátíð. Kvartettinn skipa Auður Hafsteinsdóttir, Greta Guðnadóttir, Guðmundur Kristmundsson og Bryndís Halla Gylfadóttir.

Geysilega góð aðsókn hefur verið að þessari tónleikaröð sem fer fram á listasöfnum borgarinnar í hádegini. Geta gestir þá notið þess líka að sjá sýningar í sölu safnanna, en í Listasafni Íslands hangir nú Hin nýja sýn – rússnesk list frá raunsæi til framúrsteffnu.

Til að koma í veg fyrir misskilning ...

Órleikritin á Listahátíð, sem leikin eru víðs vegar um borgina og útvarpað beint á rás 1 kl. 17.05 á virkum dögum, hafa líka vakið athygli og hefur víða orðið örtröð kringum leikarana á óvæntustu stöðum. Á morgun verður leikið í einum af hitaveitutöknunum undir Perlunni og heitir verkið Til að koma í veg fyrir misskilning ákvað mamma að best væri að þega. Það er eftir Árna Ibsen leikskáld og Rósu Sigrúnu Jónsdóttur myndlistarmann og segist vera verk fyrir karla og konur, slatta af leirtau, fortíð, nútíð, enduróm og Jim Reeves ... Harpa Arnardóttir leikstýrir.

Kynlífssiðferði

Aðalefni nútíðarinnar Veru er kynlífssiðferði ungs fólks. Meðal annars segir Dagbjört Ásbjörnsdóttir frá niðurstöðum mastersritgerðar sinnar um efnið og ræðir við fjóra unglinga um afstöðu þeirra til kynlífs.



Einnig er í heftinu viðtal við Hrönn Sveinsdóttur sem þekktust er fyrir heimildarmynd sem enginn hefur enn fengið að sjá um Ungfrú Íslands.is, viðtal við Halldór K. Lárússon um nauðganir og „heilalausa tilla“ og við Bjarneyju Friðriksdóttur, framkvæmdastjóra Alþjóðahúss, sem nýlega var opnað á Hverfisgötu 18 og er þegar orðið áberandi í félagslífi borgarinnar. Einnig er grein um konur í rappi, silikonfegurð, kvikmyndir, leikhús og barnleysi samkvæmt ákvörðun, viðtal við netskáldið Birgittu Jónsdóttur og fjölmargir stuttir pistlar og svipmyndir af frásagnarverðum einstaklingum.

Fjallræðufólkið

Bjartur í Sumarhúsum og Ásta Sóllilja, Ólafur Kárasón, Salka Valka og Sigurlína, Jón Hreggviðsson, Snæfríður Íslandssól, Álfgrímur og séra Jón Þrímur – stundum finnst manni þessar persónur og fleiri sem Halldór Laxness skapaði meira lifandi í íslensku þjóðlífi en ýmsir af holdi og blóði. Þær eru sífellt uppsprettu hugleiðinga og heilabrotu um eðli tilverunnar, hegðun mannanna, ástina, dauðann – og guðóminn.


Í bókinni Fjallræðufólkið eftir Gunnar Kristjánsson, prófast á Reynivöllum í Kjós, sem Mál og menning hefur gefið út, eru nokkrar þekktustu persónurnar í verkum Halldórs Laxness í brennilepli, einkum lífsviðhorf þeirra og lífsspeki. Gunnar varpar á þær nýju ljósi með því að sýna fram á hvernig kristin trúarheimspeki, sem mótaði heimsmynd Halldórs Laxness á æskuárum, birtist í skáldverki hans og setur mark sitt á persónusköpunina. Halldór bjó lengi að þeirri menntun og reynslu sem hann hlaut meðal kaþólikka snemma á þriðja áratug 20. aldar, og í verkum hans endurómur alla tíð samúð með lítillmagnum og virðing fyrir lífinu – grundvallarþættirinnir í mótun svipmikilla og ógleymanlegra persónanna.

Bókmenntir

Einstakt líf eða einfalt?

Neónsería Bjarts hefur á undanföllum árum fært okkur margt af því athyglisverðasta sem er á seyði í erlendum samtímaþókmenntum í ágætum íslenskum þýðingum. Ein nýjasta Neónbókin heitir Sunnan við mærin, vestur af sól og er eftir japanska höfundinn Haruki Murakami sem á sér fjölda aðdáenda jafnt á Íslandi sem annars staðar. Murakami er þekktastur fyrir ævintýralegar póstmóðernískar skáldsögur með vísindaskáldsöguívafi. Hér er eitthvað allt annað á ferðinni.

Þrátt fyrir titilinn, sem leiðir hugann að ævintýrum og hinu framandlega eða exótiska, er heimur sögunnar lengi vel furðu kunnuglegur, og sagan sjálf einnig. Sögu-



hetjan Hajime elst upp í dæmigerðri miðstéttarfjölskyldu. Hann gengur menntaveginum með hangandi hendi og eftir nokkur ár í tilbreytingarsnaudu starfi hjá bókaútgáfu setur hann á stofn fyrirtæki með aðstoð tengdaföður síns. Hann er hamingjusamlega giftur, á tvær dætur, reksturinn gengur vel, í stuttu máli: kjarnafjölskyldulíf, slétt og fellt á yfirborðinu.

En það vantar eitthvað og minningar Hajimes um bernskuvinkonu sína, Shimamoto, og vinátta þeirra í upphafi gelguskeiðsins leita á hann. Vinátta þeirra byggðist ekki sist á þeirri sérstöðu þeirra að vera einbirmi í umhverfi þar sem allir áttu systkini. Þau eru einstök og sameiginleg reynsla þeirra sameinar þau. Þegar Shimamoto birtist aftur í

lífi Hajimes taka þau upp stutt en ákaft samband sem einkennist af óvissu, dulúð og erótík.

Sambandið við Shimamoto setur líf Hajimes úr skorðum, hann verður að velja milli hins einfalda og örugga lífs sem hann hefur byggt upp og óvissunnar og hættunnar sem líf með Shimamoto myndi færa honum. En sagan er ekki þar með orðin að hefðbundinni þælingu um miðaldrakrísu karlmanns. Í endurkomu Shimamoto ræstast fyrirheit titilsins um hið ævintýralega og óskiljanlega. Fortíð hennar er leyndardómsfull og hegðun hennar vekur grun um heim að baki þessum, heim sem er í senn dularfullur og óhugnanlegur.

Sunnan við mærin, vestur af sól er nærgöngul og opinská saga. Hún er frábærlega vel skrifuð, blátt áfram en svolítið ismeygileg. Að sama skapi er íslensk þýðing Ugga Jónssonar fyrirtak.

Jón Yngvi Jóhannsson

Haruki Murakami: Sunnan við mærin, vestur af sól. Uggi Jónsson þýddi. Bjartur 2001.